

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 2. maí 2024 eftirfarandi:

*Stekkholt 22, óveruleg breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður.*  
Breytingin gerir ráð fyrir að byggingarreitur færist til austurs og að byggingarmagn aukist.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2024 eftirfarandi:

*Deiliskipulagsbreyting á hesthúsavæði við Kjóavelli.*

Breytingin felur í sér breikkun á byggingarreitum úr 12 m í 13 m á öllum hesthúsalóðum innan Garðabæjar á Kjóavöllum. Auk þess felst breytingin í því að viðhalda núverandi þakformi á hesthúsum í Andvarahverfi, bæði á núverandi hesthúsum og 8 nýjum hesthúsum vestast í Andvarahverfinu, um leið og heimildir fyrir kvistum og þakgluggum eru rýmkaðar. Skilmálar fyrir þakform húsa norðan megin við Andvaravelli 2a-8a, haldast óbreyttir.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 22. desember 2023 eftirfarandi:

*Hnoðraholt norður, deiliskipulag.*

Tillagan gerir ráð fyrir endurskoðun á uppdrætti og greinargerð deiliskipulags Hnoðrahólts norður með tilliti til áður samþykktra breytinga. Endurskoðunin felur í sér uppfærslur og lagfæringar á uppdrætti og texta greinargerðar sem er ætlað að skýra markmið og áherslur deiliskipulagsins. Sú breyting sem gerð er frá gildandi tillögu gerir ráð fyrir því að bílakjallarar verði heimilaðir undir fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar og að hámarksfjöldi íbúða í þeim húsum aukist úr 83 í 96. Gert verður ráð fyrir að þau bílastæði sem bætast við umfram þau sem fram koma á uppdrætti verði innan byggingarreits eða í kjallara. Auglýstri greinargerð og meðfylgjandi uppdrætti er ætlað að leysa gildandi deiliskipulag Hnoðrahólts norður af hólmi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 12. júní 2024.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. júní 2024